



Ársskýrsla 2019



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



Um ársskýrsluna

Mai 2020

Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson

Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA
Eiður Stefánsson, LÍV
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, SA, formaður
Sara Dögg Svanhildardóttir, SA
Teitur Lárusson, VR

Varamenn:

Björg Ársælsdóttir, SA
Davíð Þorláksson, SA
Gils Einarsson, LÍV
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, VR

Starfsmenn sjóðsins voru:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Selma Kristjánsdóttir

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var
Sigríður H. Sveinsdóttir, KPMG.

Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu og einn
vinnufundur stjórnar.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofn-
aður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings
á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV
hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félags-
manna og styrkja aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins til
starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Sjóðurinn
veitir einnig styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna.
Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum
félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótfram-
lag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna
sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóð-
inn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-,
þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja
við áframhaldandi þróun náms og raunfærnimats fyrir
greinarnar.
4. Að hvetja félagsmenn til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig
í fyrirtækjum.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Fjöldi einstaklinga sem sóttu um styrk í sjóðinn fjölgaði um 7% frá árinu á undan. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja jókst um 11%.

Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja lækkaði um tæplega 8 milljónir kr. milli ára eða um 15%. Í septembermánuði 2019 samþykkti stjórn að breyta reglum er varða réttindi fyrirtækja sem greiða til sjóðsins. Frá og með 1. janúar 2020 geta fyrirtæki sótt um styrk að hámarki 3 milljónir kr. á almanaksári og verða ekki lengur bundin því að eiga rétt á sem nemur 50% af greiddum iðgjöldum sl. 36 mánuði.

Önnur verkefni á árinu


- Sameining starfsmenntasjóðanna SV og SVS.
- Tómstundastyrkur einstaklinga til umræðu.
- Rafræn fræðsla í fyrirtækjum til umræðu.
- Samningar gerðir milli SVS og LÍV félaga.
- Kynningarmál.
- Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun í samvinnu við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík.
- Fagnám og raunfærnimat í verslun og þjónustu varð að raunveruleika með vinnu aðila í þróunar- og stýrihópi.
- SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar sem er vefgátt starfsmenntasjóða á almenna markaðinum. Á vef Áttarinnar geta fyrirtæki sótt um styrk til margra sjóða á sama tíma með einni umsókn.
- Hæfnisetur ferðþjónustunnar – samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðþjónustu.
- Úttekt á Fræðslustjóra að láni, sameiginlegu verkefni sjóðanna á almenna markaðinum – samvinna milli allra sjóðanna.
- Áfram var unnið að því að setja á fót miðlægan gagnagrunn fyrir stéttarfélögin innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna vegna sjóðsins.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru 744.756.397 kr. árið 2019 en úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru 773.972.736 kr. og eru því greiddir styrkir úr sjóðnum umfram iðgjöld að upphæð 29.216.339 kr. Sjá mynd 1 og 2.

Iðgjöld og styrkir


Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 1



Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2



11%

Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja jókst um 11%.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 10 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenzkra verzlunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja sinna félagsmanna. Þann 1. apríl 2019 sameinaðist Verslunarmannafélag Suðurnesja VR. Í gögnum frá VR er tekið tillit til sameiningunnar og eru greiddir styrkir frá VS fyrstu þrjá mánuði ársins í heildartölum VR.

AFL Starfsgreinafélag

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)

Framsýn stéttarfélag

Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)

Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)

Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla styrkja í ársreikningi nam 773.972.736 kr.


Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 8.478 árið 2018 og jókst fjöldi einstaklinga um 7% frá árinu áður, en þá fengu 7.897 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3. Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Á árinu fengu 632 félagsmenn 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 390.000 kr.. Árið 2018 voru það 559 félagsmenn sem nýttu sér uppsafnaðan rétt.

Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2019 var 65.904 kr. og er nánast sú sama og árið áður eða 65.710 kr. Sjá mynd 4.

Sjá má meðalupphæð styrkja milli félaga á mynd 5.


Fjöldi einstaklinga

Mynd 3




Meðalupphæð styrkja til einstaklinga

Mynd 4



Meðalupphæð eftir félögum


Mynd 5



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Heildarupphæð einstaklingsstyrkja

Mynd 6




Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2019 var 720.840.179 kr. á móti 651.408.572 kr. 2018 og jókst útgreiðsla á styrkjum um tæp 11% á milli ára. Hækkun einstaklingsstyrkja var 60% á milli ára árið áður og mátti þá hækkun rekja til breytinga á reglum sem tóku gildi 1. janúar 2018. Sjá mynd 6.

Á mynd 7 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2018 og 2019. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára er sá hópur sem hefur fengið úthlutað hæstu meðalupphæðinni, en meðalupphæðin hefur einnig aukist mest hjá þeim hópi.

Flestar umsóknir koma frá yngsta hópnum sem er undir 25 ára eins og árin á undan, en hópurinn 25-34 ára fylgir fast á eftir og er nánast með jafnmargar umsóknir. Þó sækir sá hópur ekki eins mikið til félaga innan LÍV. Sjá mynd 8 og 9.

Meðalupphæð eftir aldri

Mynd 7




Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar eru konur engu að síður virkari að sækja um styrki úr sjóðnum; því skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Hlutdeild karla í umsóknum hefur fjölgað hægt undanfarin ár, árið 2018 jókst hún um 5% á milli ára í eldri hópnum þegar hún fór í 26% og 23%, en árið 2019 er hlutdeild þeirra 23% og 22%. Sjá mynd 10.


Fjöldi styrkja eftir aldri – VR

Mynd 8



Fjöldi styrkja eftir aldri – önnur félög

Mynd 9



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eða 94% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis, og helst nánast óbreytt frá 2018.


Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 42% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunn- og meistaranám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi. 12% styrkja er vegna framhaldsskólanáms. Í öðrum flokkum, þar sem nám er ekki metið til eininga, verður námið að tengjast starfi eða starfsþróun sjóðsfélaga. Flokkunin helst nánast óbreytt frá árinu 2018.

94%

Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms eða 94%.


Hlutdeild kynja eftir aldri

Mynd 10




Skipting styrkja 2019

Mynd 11



Starfstengdur styrkur – tegund náms

Mynd 12



- Ráðstefna 1%
- Tölvunámskeið 2%
- Tungumálanám 2%
- Íslenska fyrir útlendinga 3%
- Námskeið í starfstengdri sjálfstyrkingu / starfstengd markþjálfun 5%
- Vottuð námsleið í símenntunarmiðstöð 6%
- Starfstengt símenntunarnámskeið 11%
- Framhaldsskólanám 12%
- Annað (t.d. meirapróf, lyftarapróf) 16%
- Háskólanám 42%

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ voru samanlagt rúmlega 43 milljónir króna og er hlutfall þeirra 6% af heildarstyrkjum sjóðsins, en var 7% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja lækkaði um tæplega 8 milljónir kr. milli ára eða um 15%.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2019 fengu sem nemur 36.978.945 kr. í afslátt. Þar sem sú tala kemur hvorki inn né út í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja.


Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 6.000 sjóðsfélaga, en þeir náðu til 2.000 fleiri árinu áður. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsmanna sést á mynd 13.

Fjöldi fyrirtækjastyrkja jókst töluvert árin 2015 og 2016, en svipaður fjöldi umsókna hefur verið afgreiddur undanfarin ár. Sjá mynd 14.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 24 framan af ári 2019, eða tveimur fleiri en árinu áður. Sjá mynd 15. Stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar með heimsóknum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlin. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt rúmlega 55 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rúmlega 18 milljónir og er afsláttur þeirra því tæplega 40 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækkun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.

Árið 2019 bættust fimm ný fyrirtæki við í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ en þau voru 22 árið 2018. „Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Úttekt var unnin á verkefninu á árinu sem veitir sjóðunum tækifæri til að endurskoða og bæta umgjörð verkefnisins.


Heildarfjöldi starfsmanna á bak við styrki Mynd 13



Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 14



Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi Mynd 15






6.000

Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 6.000 sjóðsfélaga.

Fræðslustjóri að láni

Mynd 16



Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun, hafa yfirfærslugildi og nýtast þannig starfsgreinum sem tilheyra sjóðnum. Við mat á verkefnum tekur stjórn SVS mið af markmiðum sjóðsins ásamt því að hafa að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði af námi og náms-efni sem svarar þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Nánari skilgreining á skilmálum er að finna á vef sjóðsins.

Árið 2019 voru eftirfarandi verkefni styrkt:

- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar: Þróunar verkfæris til að einfalda greiningu fræðsluþarfa
- Samtök atvinnulífsins: Menntadagur atvinnulífsins

Þróun náms í verslun og þjónustu

Á árinu 2019 var haldið áfram með þróunarvinnu um Fagnám og raunfærnimat fyrir starfandi verslunarfólk á vegum starfsmenntasjóðanna, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVP). Þróunarhópur með fulltrúum Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis og þriggja samstarfsfyrirtækja fundaði reglulega yfir árið. Tuttugu manna hópur hóf nám í janúar 2020 og 18 luku raunfærnimati.

Sjóðurinn kom einnig að mótun nýrrar námslínu til stúdents-prófs hjá Verslunarskólanum. Viðskiptabraut – Stafræn viðskiptalína hóf göngu sína haustið 2019 hjá skólanum og er mjög vinsæll valkostur.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og á vorönn 2020 voru 18 nemendur skráðir í námið.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðis skyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögn-um sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 12. mars 2020

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi

Sigríður Helga Sveinsd.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hreinar tekjur ársins 2019 til ráðstöfunar námu 1,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 999 m.kr., bókfært eigið fé í árslok 950,6 m.kr. og er eiginfjárlutfall sjóðsins 95%.

Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegnar og VR og Landsambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 2000.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

- Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
- Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
- Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.
- Að hvetja félagsmenn til náms.
- Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 11. mars 2020

Í stjórn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, SA, formaður

Sara Dögg Svanhildardóttir, SA,

Teitur Lárusson, VR,

Rekstrarreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
lögjöld	3	<u>744.756.397</u>	<u>725.035.509</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir	4	773.972.736	733.397.635
Sérverkefni, kynningarstarf	5	3.242.599	3.528.708
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	28.398.665	28.772.866
Innheimtukostnaður		16.070.263	14.835.308
		<u>821.684.263</u>	<u>780.534.517</u>
Rekstrartap án fjármagnsliða		(76.927.866)	(55.499.008)
Fjármunatekjur	7	96.407.116	48.928.201
Fjármagnsgjöld		(27.987)	(13.337)
Fjármagnstekjuskattur		<u>(18.140.796)</u>	<u>(9.593.053)</u>
(Umframráðstöfun), hreinar tekjur til ráðstöfunar		<u>1.310.467</u>	<u>(16.177.197)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31. 12. 2019	31. 12. 2018
Verðbréfasafn	9	901.118.493	901.352.997
Óinnheimt iðgjöld	8	64.675.538	60.304.740
Aðrar skammtímakröfur		1.663.311	2.003.001
Handbært fé		31.513.894	25.143.997
Eignir		<u>998.971.236</u>	<u>988.804.735</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>950.631.264</u>	<u>949.320.797</u>
Skuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	11	39.458.234	24.809.199
Ógreiddir styrkir	12	1.141.493	2.543.436
Aðrar skammtímaskuldir		7.740.245	12.131.303
		<u>48.339.972</u>	<u>39.483.938</u>
Eigið fé og skuldir		<u>998.971.236</u>	<u>988.804.735</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Innborguð iðgjöld		740.385.599	717.115.885
Greiddir styrkir		(775.374.679)	(730.854.199)
Greiddur annar rekstrarkostnaður		(51.762.895)	(37.775.786)
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta		(86.751.975)	(51.514.100)
Innborgaðir vextir		2.149.859	3.661.228
Greiddir vextir		(27.987)	(13.337)
Handbært fé (til), frá rekstri		<u>(84.630.103)</u>	<u>(47.866.209)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Út (Innborgað) á verðbréfasafn	9	<u>91.000.000</u>	<u>(33.104.329)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		6.369.897	(80.970.538)
Handbært fé í upphafi árs		25.143.997	106.114.535
Handbært fé í lok árs		<u>31.513.894</u>	<u>25.143.997</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Reikningasskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

3. Iðgjöld

Iðgjöld atvinnurekenda
Iðgjöld stéttarféлага

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af banka-reikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur er færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu Starfsmenntasjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum banka-innstæðum.

	2019	2018
Iðgjöld atvinnurekenda	595.803.898	580.028.395
Iðgjöld stéttarféлага	148.952.499	145.007.114
	<u>744.756.397</u>	<u>725.035.509</u>

4. Úthlutaðir styrkir

	2019	2018
Fræðslustyrkir	720.840.179	651.408.572
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	41.720.540	45.542.122
Þróunar og sérverkefni	500.000	7.749.000
Styrkir - fræðslustjóri að láni	1.847.686	5.967.612
Ráðstefnur SVS	0	1.025.916
Diplomanám	1.026.331	3.518.273
Menntagátt - þróun	8.038.000	17.545.481
Styrkir til aðildarféлага SVS	0	640.659
	<u>733.397.635</u>	<u>733.397.635</u>

5. Markaðs- og kynningarstarf

	2019	2018
Kynningarstarf	1.968.733	2.231.396
Útgáfa og prentun	461.382	439.504
Auglýsingar	812.484	857.808
	<u>3.242.599</u>	<u>3.528.708</u>

6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2019	2018
Þóknun til VR	25.600.250	26.362.514
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	949.145	0
Stjórnarfundir	337.962	234.028
Ýmsir fundir	12.800	70.085
Endurskoðun	445.892	420.044
Rekstur Áttarinnar	812.115	1.154.479
Aðkeypt tölvuþjónusta	179.889	397.951
Annar kostnaður	60.612	133.765
	<u>28.398.665</u>	<u>28.772.866</u>

7. Fjármunatekjur

	2019	2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	1.176.276	2.971.767
Vaxtatekjur af iðgjöldum	1.232.587	1.342.069
Vaxtatekjur af verðbréfasafni	5.869.351	5.847.904
Arður af hlutabréfaeign í verðbréfasafni	96.961	42.602
Gengishagnaður verðbréfasafns	84.076.739	35.211.220
Endurgreiddar þóknarir samkvæmt samningi	3.955.202	3.512.639
	<u>96.407.116</u>	<u>48.928.201</u>

8. Óinnheimt iðgjöld

	31. 12. 2019	31. 12. 2018
LIVE og VR	62.240.804	59.128.580
Vlf. Vestfirðinga	4.756	0
Vmf. Skagafjarðar	223.558	0
FVSA	1.130.964	19.290
Framsýn Stéttarfélag	692.794	375.761
AFL starfsgreinafélag	382.662	781.109
	<u>64.675.538</u>	<u>60.304.740</u>

Skýringar

9. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign Starfsmenntasjóðsins er skráð

á markaðsvirði og er í vörslu Íslandsbanka hf.

Próun verðbréfasafnins greinist þannig innan ársins:

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Staða í ársbyrjun	901.352.997	826.069.771
(Útborgað) / innborgað á verðbréfasafn	(91.000.000)	33.104.329
Vaxtatekjur og arður	5.966.312	5.890.506
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(3.232.758)	(2.435.468)
Verðbreyting ársins	84.076.740	35.211.220
Endurgreiddar þóknanir samkvæmt samningi	3.955.202	3.512.639
Staða í árslok	<u>901.118.493</u>	<u>901.352.997</u>

10. Eigið fé

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Yfirfært frá fyrra ári	949.320.797	965.497.994
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	1.310.467	(16.177.197)
Eigið fé 31.12.2018	<u>950.631.264</u>	<u>949.320.797</u>

11. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	<u>31. 12. 2019</u>	<u>31. 12. 2018</u>
Staða í ársbyrjun	24.809.199	18.304.222
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(3.232.758)	(2.435.468)
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts	17.881.793	8.940.445
	<u>39.458.234</u>	<u>24.809.199</u>

12. Ógreiddir styrkir

	<u>31. 12. 2019</u>	<u>31. 12. 2018</u>
Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar	15.918	21.499
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	0	367.164
Stéttarfélagið Samstaða	107.417	245.482
Verslunarmannafélag Skagafjarðar	0	148.191
Stéttarfélag Vesturlands	711.568	393.653
Verslunarmannafélag Suðurnesja	0	553.445
Verkalýðsfélag Þórshafnar	306.590	0
Einstaklingsstyrkir	0	814.002
	<u>1.141.493</u>	<u>2.543.436</u>







Ársskýrsla 2020



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



Um ársskýrsluna

Maí 2020

Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson

Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA
Eiður Stefánsson, LÍV
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til maí, VR
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, SA, formaður
Sara Dögg Svanhildardóttir, SA
Selma Árnadóttir frá maí, VR
Sigurður Sigfússon frá maí, VR
Teitur Lárusson til maí, VR,

Varamenn:

Björg Ársælsdóttir, SA
Davíð Þorláksson, SA
Gils Einarsson, LÍV
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, VR

Starfsmenn sjóðsins voru:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Selma Kristjánsdóttir

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var
Sigríður H. Sveinsdóttir, KPMG.

Tíu stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna og styrkja aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Sjóðurinn veitir einnig styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms og raunfærnimats fyrir greinarnar.
4. Að hvetja félagsmenn til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Fjöldi einstaklinga sem sóttu um styrk í sjóðinn fækkaði um 100 frá árinu á undan. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja jókst hins vegar um 4%.

Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði um rúmlega sjö milljónir milli ára eða um 18%. Aukningin á rætur að rekja til þess að breyting var gerð á því hvernig réttur fyrirtækja myndast í sjóðinn. Frá 1. janúar 2020 áttu öll fyrirtæki sem greitt höfðu iðgjöld til sjóðsins síðastliðna 12 mánuði rétt á þriggja milljón króna styrk að hámarki á ársgrundvelli. Áður gat hámarksstyrkur sem fyrirtæki sóttu numið helmingi af greiddum iðgjöldum þeirra til sjóðsins síðastliðna 36 mánuði.



Önnur verkefni á árinu

- Samræming á verklagi og vinnu SVS, Landsmenntar og Starfsafls. Tillögur vinnuhóps á vegum sjóðanna voru kynntar í greinargerð í desember 2020.
- Sameining starfsmenntasjóðanna SV og SVS til umræðu.
- Kynningarmál, lítil áhersla á kynningarmál vegna vinnu um samræmingu á verklagi og vinnu sjóðanna þriggja SVS, Landsmenntar og Starfsafls.
- Stefnumótun SVS frestað vegna vinnu um samræmingu á verklagi og vinnu sjóðanna þriggja SVS, Landsmenntar og Starfsafls.
- Kynningarfundur með fyrirtækjum á lækkuðu iðgjaldi.
- Átaksverkefni SVS vegna ástands 2020 rætt.
- Boðið upp á myndband um árangursrík samskipti í samstarfi við Intellecta.
- Styrkur til rafrænnar fræðslu í fyrirtækjum þróaður enn frekar.
- Félagsmönnum boðið námskeiðið „Starfsmaður 21. aldarinnar“ hjá Mími.
- Stafrænt hæfnisetur/stafrænn klasi, aðkoma SVS til umræðu.
- Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun í samvinnu við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Reglulegir fundir með verkefnastjórn.
- Fagnám og raunfærnimat í verslun og þjónustu varð að veruleika með vinnu aðila í þróunar- og stýrihópi.
- SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar sem er vefgátt starfsmenntasjóða á almenna markaðinum. Á vef Áttarinnar geta fyrirtæki sótt um styrk til margra sjóða á sama tíma með einni umsókn.

- Auglýsingaherferð með áherslu á að kynna Áttina í samstarfi við hina sjóðina. Áhersla lögð á að minna fyrirtæki á að nýta rétt sinn til fræðslu starfólks, sérstaklega í ljósi aðstæðna í samfélaginu.
- Hæfnisetur ferðþjónustunnar – samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðþjónustu.
- Áfram var unnið að því að setja á fót miðlægan gagnagrunn fyrir stéttarfélögin innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna vegna sjóðsins. Mánaðarleg gögn frá AFLÍ Starfsgreinafélagi og Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri lesast nú inn í grunn sjóðsins.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 719.391.352 árið 2020 en úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru að upphæð kr. 801.375.655 og eru því greiddir styrkir úr sjóðnum umfram iðgjöld að upphæð kr. 81.984.303 kr. Sjá mynd 1 og 2

Iðgjöld og styrkir.



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 10 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verzlunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja sinna félagsmanna.

AFL Starfsgreinafélag
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)
Framsýn stéttarfélag
Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)
Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)
Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja í ársreikningi nam 747.909.838 kr.

Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 8.360 árið 2020 og fækkaði um rétt rúmlega 100 einstaklinga frá árinu áður, en þá fengu 8.478 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3. Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Á árinu fengu 714 félagsmenn 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 390.000 kr. Árið 2019 voru það 665 félagsmenn sem nýttu sér uppsafnaðan rétt.

Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2020 hækkaði um rúmlega 5.000 kr. og var 70.080 kr. en var 65.904 kr. 2019. Sjá mynd 4.


Sjá má meðalupphæð styrkja milli félaga á mynd 5.

8.360

einstaklingar
fengu greidda styrki
árið 2020.

Fjöldi einstaklinga

Mynd 3




Meðalupphæð styrkja til einstaklinga

Mynd 4




Meðalupphæð eftir félögum

Mynd 5







Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins




Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2020 var 747.909.838 kr. á móti 720.840.179 kr. 2019 og jókst útgreiðsla á styrkjum um tæp 4% á milli ára. Sjá mynd 6.

Á mynd 7 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2019 og 2020. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára er sá hópur sem hefur fengið úthlutað hæstu meðalupphæðinni, en meðalupphæðin hefur aukist mest hjá aldurshópnum 45-54 ára.

Flestar umsóknir koma frá yngsta hópnum sem er undir 25 ára eins og árin á undan, en hópurinn 25-34 ára fylgir fast á eftir meðal félagsmanna en munurinn er mun meiri milli yngsta hópsins og næsta aldursbils hjá hinum LÍV félögnum. Sjá mynd 9.



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins



Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eða 97% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis og helst nánast óbreytt frá 2019.


Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 42% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunn- og meistaranám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi. Athygli vekur að flokkun náms helst óbreytt milli ára að undanskildum flokkunum framhaldsskólanám sem fer úr 12% í 11% og annað sem fer úr 16% í 17% milli ára. Nám eða námskeið sem er ekki metið til eininga eða til aukinna réttinda verður að falla að viðmiðum sjóðsins um skilgreiningu og skilyrði námskeiðs og verður að tengjast starfi eða starfsþróun sjóðsfélaga til að teljast styrkhæft. Nánari skilgreining á hvað telst styrkhæft samkvæmt reglum sjóðsins er að finna á vef sjóðsins.

42%

styrkja eru vegna háskólanáms.

97%

Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms eða 97%.



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ voru samantlagt tæplega 50 milljónir króna og er hlutfall þeirra 6% af heildarstyrkjum sjóðsins eða sama hlutfall og árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði um rúmlega 7 milljónir milli ára eða um 18%. Rekja má þessa hækkun til breytinga sem gerð var á möguleika fyrirtækja á hámarksstyrk. Nú geta fyrirtæki sótt um styrki til sjóðsins að hámarki 3 milljóna króna. Áður gat hámarksstyrkur sem fyrirtæki sóttu um numið helmingi af greiddum iðgjöldum þeirra til sjóðsins síðastliðna 36 mánuði.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2020 fengu sem nemur 38.391.988 kr. í afslátt. Þar sem sú tala kemur ekki fram í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja.


Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til tæplega 9.900 sjóðsfélaga sem er fjölgun um u.þ.b. 4.000 einstaklinga frá 2019. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsmanna sést á mynd 13.

Af þeim 522 styrkjum til fyrirtækja voru 519 styrkir sérstaklega veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds. Sjá mynd 14.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 24 framan af ári en í október hætti eitt fyrirtækjanna á lækkun og voru þau því samtals 23 í lok árs 2020. Sjá mynd 15. Stefnt er að því að fjölga fyrirtækjum á lækkun með heimsóknnum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferli. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt um rúmlega 57 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rétt rúmlega 19 milljónir og er afsláttur þeirra því rúmlega 38 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækkun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.

Árið 2020 bættust þrjú ný fyrirtæki við í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ en þau voru fimm árið 2019. „Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Úttekt var unnin á verkefninu árið 2019 að beiðni sjóðanna og var framkvæmdin í höndum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands. Úttekt á Fræðslustjóra að láni verkefninu veitti sjóðunum tækifæri til endurskoðunar og betrubætingu á umgjörð verkefnisins. Á árinu 2020 hefur umgjörð verkefnisins verið uppfærð í samræmi við þá þætti sem betur máttu fara samkvæmt úttekt Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands.

Heildarfjöldi starfsmanna á bak við styrki Mynd 13




Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 14






Fyrsta útskrift í fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu.

Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi Mynd 15



Fræðslustjóri að láni Mynd 16



Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun, hafa yfirfærslugildi og nýtast þannig starfsgreinum sem tilheyra sjóðnum. Við mat á verkefnum tekur stjórn SVS mið af markmiðum sjóðsins ásamt því að hafa að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði af námi og náms-efni sem svarar þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Nánari skilgreining á skilmálum er að finna á vef sjóðsins.

Árið 2020 voru eftirfarandi verkefni styrkt:

- Mímir: „Starfsmaður 21. aldarinnar“
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar: Breytt umhverfi í ferðaþjónustu
- Samtök atvinnulífsins: Menntadagur atvinnulífsins
- Símei: Símei skólinn í veflægu viðmóti
- Intellecta: Árangursrík samskipti

Þróun náms í verslun og þjónustu

Á árinu 2020 hóf fyrsti hópur göngu sína í Fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu í samstarfi við Mími og Verzlunarskóla Íslands, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Þróunarhópur með fulltrúum Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis og þriggja samstarfsfyrirtækja funduðu reglulega yfir árið. Tuttugu manna hópur hóf nám í janúar 2020 og luku 18 raunfærnimati. Um haustið hófu aðrir 20 nemendur göngu sína í fagnámi og raunfærnimati. Fyrsta útskrift í náminu var svo haldin í desember þegar þrír nemendur útskrifuðust með Fagpróf og einn af þeim með stúdentspróf samhliða.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og árið 2020 voru 31 nemendur skráðir í námið sem er fjölgun um 13 nemendur frá árinu á undan.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 7. apríl 2021

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Umframráðstöfun umfram iðgjöld ársins 2020 nam 61,4 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 949,3 m.kr., bókfært eigið fé í árslok 889,2 m.kr. og er eiginfjárlutfall sjóðsins var 94%.

Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegnar og VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 2000.

- Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:
- Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
- Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
- Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.
- Að hvetja félagsmenn til náms.
- Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. apríl 2021

Í stjórn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til maí, VR

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, SA, formaður

Sara Dögg Svanhildardóttir, SA

Selma Árnadóttir frá maí, VR

Sigurður Sigfússon frá maí, VR

Teitur Lárusson til maí, VR,

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Löggjöld		<u>719.391.352</u>	<u>744.756.397</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir	3	801.375.655	773.972.736
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		28.076.182	28.398.665
Markaðskostnaður		2.017.210	3.242.599
Innheimtukostnaður		15.402.861	16.070.263
		<u>846.871.908</u>	<u>821.684.263</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		(127.480.556)	(76.927.866)
(Umframráðstöfun)			
hreinar tekjur til ráðstöfunar	7	<u>(61.428.235)</u>	<u>1.310.467</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	2020	2019
Veltufjármunir			
Verðbréfasafn	6	857.467.322	901.118.493
Óinnheimt iðgjöld	5	61.188.470	64.675.538
Aðrar skammtímakröfur		3.073.407	1.663.311
Handbært fé		27.553.108	31.513.894
Eignir		<u>949.282.307</u>	<u>998.971.236</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	<u>889.203.029</u>	<u>950.631.264</u>
Skuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	8	51.015.456	39.458.234
Ógreiddir styrkir	9	1.634.467	1.141.493
Aðrar skammtímaskuldir		7.429.355	7.740.245
		<u>60.079.278</u>	<u>48.339.972</u>
Eigið fé og skuldir		<u>949.282.307</u>	<u>998.971.236</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Innborguð iðgjöld		722.878.420	740.385.599
Greiddir styrkir		(800.882.681)	(775.374.679)
Greiddur annar rekstrarkostnaður		<u>(47.217.239)</u>	<u>(51.762.895)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta		(125.221.500)	(86.751.975)
Innborgaðir vextir		<u>1.293.380</u>	<u>2.149.859</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(123.960.786)</u>	<u>(84.630.103)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Út (Innborgað) á verðbréfasafn	6	<u>120.000.000</u>	<u>91.000.000</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(3.960.786)	6.369.897
Handbært fé í upphafi árs		<u>31.513.894</u>	<u>25.143.997</u>
Handbært fé í lok árs		<u>27.553.108</u>	<u>31.513.894</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringunum hér á eftir.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur er færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu Starfsmenntasjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

3. Úthlutaðir styrkir

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Fræðslustyrkir	747.909.838	720.840.179
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	49.135.357	41.720.540
Próunar og nýsköpunarverkefni	3.420.648	500.000
Fræðslustjóri að láni - styrkir	821.354	1.847.686
Diplomanám	88.458	1.026.331
Menntagátt - þróun	0	8.038.000
	<u>801.375.655</u>	<u>773.972.736</u>

4. Fjármunatekjur

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	424.454	1.176.276
Vaxtatekjur af iðgjöldum	962.306	1.232.587
Vaxtatekjur af verðbréfasafni	4.848.736	5.869.351
Arður af hlutabréfaeign í verðbréfasafni	0	96.961
Gengishagnaður verðbréfasafns	73.057.388	84.076.739
Þóknun	3.649.038	3.955.202
	<u>82.941.922</u>	<u>96.407.116</u>

5. Óinnheimt iðgjöld

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
LIVE og VR	60.118.212	62.240.804
Vlf. Vestfirðinga	579.087	4.756
Stéttarfélagið Samstaða	118.647	0
Vmf. Skagafjarðar	0	223.558
FVSA	21.059	1.130.964
Framsýn Stéttarfélag	0	692.794
AFL starfsgreinafélag	351.465	382.662
	<u>61.188.470</u>	<u>64.675.538</u>

6. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign Starfsmenntasjóðsins er skráð á markaðsvirði og er í vörslu Íslandsbanka hf. Próun verðbréfasafnins greinist þannig innan ársins:

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Staða í ársbyrjun	901.118.493	901.352.997
(Útborgað) / innborgað á verðbréfasafn	(120.000.000)	(91.000.000)
Vaxtatekjur og arður	4.848.735	5.966.312
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(5.206.332)	(3.232.758)
Verðbreyting ársins	73.057.388	84.076.740
Þóknun	3.649.038	3.955.202
Staða í árslok	<u>857.467.322</u>	<u>901.118.493</u>

7. Eigið fé

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Yfirfært frá fyrra ári	950.631.264	949.320.797
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	(61.428.235)	1.310.467
Eigið fé 31.12.2020	<u>889.203.029</u>	<u>950.631.264</u>

8. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Staða í ársbyrjun	39.458.234	24.809.199
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(5.206.332)	(3.232.758)
Breytingar á skuldbindingu vegna áf. fjármagnstekjuskatts	16.763.554	17.881.793
	<u>51.015.456</u>	<u>39.458.234</u>

Skýringar

9. Ógreiddir styrkir

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar	21.866	15.918
Stéttarfélagið Samstaða	0	107.417
Verslunarmannafélag Skagafjarðar	1.378.197	0
Stéttarfélag Vesturlands	50.762	711.568
Verkalýðsfélag Þórshafnar	183.642	306.590
	<u>1.634.467</u>	<u>1.141.493</u>

Rekstrartekjur

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Iðgjöld atvinnurekenda	575.530.371	595.803.898
Iðgjöld stéttarfélaganna	143.860.981	148.952.499
	<u>719.391.352</u>	<u>744.756.397</u>

Úthlutaðir styrkir

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Fræðslustyrkir	747.909.838	720.840.179
Styrkir til fyrirækja og samtaka	49.135.357	41.720.540
Próunar og nýsköpunarverkefni	3.420.648	500.000
Fræðslustjóri að láni - styrkir	821.354	1.847.686
Diplómanám - þróun	88.458	1.026.331
Menntagátt - þróun	0	8.038.000
	<u>801.375.655</u>	<u>773.972.736</u>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Umsýsluþóknun - greidd til VR	26.069.510	25.600.250
Rekstur Áttarinnar	1.079.193	812.115
Stjórn og stjórnarfundir	30.907	337.962
Aðkeypt tölvuþjónusta	270.946	179.889
Endurskoðun og reikningsskil	464.537	445.892
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	15.366	949.145
Ýmsir fundir	2.920	12.800
Annar kostnaður	142.803	60.612
	<u>28.076.182</u>	<u>28.398.665</u>

Markaðskostnaður

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Kynningarstarf	672.456	1.968.733
Auglýsingar	416.450	812.484
Hönnun, útgáfa og prentun	560.700	461.382
Kynning þróunarverkefna	367.604	0
	<u>2.017.210</u>	<u>3.242.599</u>

